

Stjórnarfundur TSÍ 03.11.25

Mætt voru Magnús, Gunnar, Mia og Andri. Kristín forfallaðist á síðustu stundu.

1. Staðfesting fundargerðar 13. okt. Samþykkt einróma
2. Staða fjármála. Kristín var ekki á staðnum en Magnús upplýsti að árið ætti að lokast nærri áætlun.
3. Landsliðsmál - næstu skref. Staðan rædd vítt og breitt. Ákveðið að breyta hlutverkum landsliðsþjálfara og Magnúsi falið að skrifa auglýsingu.
4. Agamál og siðareglur. Samþykkt að fá tillögu að breytingum frá Raj.
5. Afrekssjóður. Magnús upplýsti að umsókn hefði verið send inn en ekki væri mikil von um að fá hækkun þar sem allur fókus Afrekssjóðs er á Ólympíuleika og heimsmeistaramót. TSÍ þarf að ná meiri árangri í afreksstarfi til að breyta flokkun úr verkefnasambandi í afrekssamband.
6. Magnús flutti helstu fréttir af aðalfundi ITF í október. ITF hefur breytt nafni sínu og starfar nú sem World Tennis. Færeyjar voru teknar inn í sambandið frá og með 1.1.2026. Árgjald næsta árs verður því sem næst óbreytt eða um 1 mkr.
7. Fundur norrænna frkvstj og formanna í nóvember. Magnús situr fund norrænu sambandanna í Helsinki og formannafund ÍSÍ á Akranesi.
8. Viðgerðir á vef TSÍ. Magnús skoðar kostnað með Kristínu
9. Önnur mál engin

Fundi slitið 12:55